RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/681
komudagur 11.12.2009

KS/

Reykjavík 9. desember 2009

Tilvísun: 200911-1403

670

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10,
150 REYKJAVÍK

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræna handtökuskipunin), 171. mál.

Almennt:

Ríkissaksóknari telur réttarbót vera að frumvarpinu. Með því er lagt til einfaldara og skilvirkara fyrirkomulag um afhendingu sakamanna milli norrænu ríkjanna. Þó er vakin sérstök athygli á að gengið er lengra í afhendingu íslenskra ríkisborgara til hinna Norðurlandanna en nú er mælt fyrir í lögum nr. 7/1962. Eru þannig ekki nýttar sérstakar reglur í samningum, sem liggur til grundvallar frumvarpinu, um framsal til/frá Íslandi, þ.e. að synja megi um framsal íslensks ríkisborgara nema hann hafi búið í landinu sem gaf út handtökuskipunina eða sambærilegur verknaður varði þyngri refsingu en fangelsi í fjögur ár.

Ríkissaksóknari telur til bóta að embættið taki ákvörðun hér á landi um afhendingu samkvæmt norrænni handtökuskipun. Hjá embættinu er til staðar sú þekking sem nauðsynleg er. Hins vegar er það undirmannað í dag og því kann embættinu að reynast erfitt að halda sig innan þess knappa tímafrests sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Verði frumvarpið að lögum gæti þessi tilhögun haft í för með sér aukin fjárútlát fyrir ríkissjóð þar sem ráða þyrfti fleiri starfsmenn til embættisins.

Einstaka athugasemdir:

6. gr.

Gerð er athugasemd við að ekki sé að finna í ákvæðinu heimild til handa íslenskum yfirvöldum til að synja um afhendingu á manni á þeim forsendum að rannsókn vegna sama máls hér á landi hafi ekki leitt til útgáfu ákæru (rannsókn hætt, mál fellt niður

Póstfang: Hverfisgata 6, 150 Reykjavík
Sími: 530-1600
Netfang: rsak@tmd.is
Bréfsími: 530-1606
Kennitala: 530175-0229

eða fallið frá saksókn). Bent er á að í 4. tl. 5. gr. samnings þeim er frumvarpið byggist á virðist gert ráð fyrir að heimilt sé að synja um afhendingu á þessum grundvelli.

10. gr.

Gert er ráð fyrir að hinum eftirlýsta skuli skipaður verjandi, sbr. 1. mgr. Rétt væri að til viðbótar kæmu orðin „óski hann þess ." Eins og málsgreinin er orðuð virðist þetta vera fortakslaus skylda, ekki er horft til vilja hins eftirlýsta.

13. gr.

Lagt er til að orðalagi 3. mgr. verði breytt þannig að í stað orðsins „hans" í fyrstu setningu komi „hinn eftirlýsti."

Virðingarfyllst,

Kolbrún Sævarsdóttir
saksóknari